

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um staðsetningu lyfjabúða og lyfjaútibúa
nr. 27/1983.

1. gr.

Eftirfarandi liður 1. greinar hljóði svo:

„Austurlandshérað:

4. Eskifjarðarumdæmi:

Lyfjabúð.

4.1 Reyðarfjörður.

Lyfjaútibú.“

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 2. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982, öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 3. febrúar 1987.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.

Nr. 69

6. febrúar 1987

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Hafnar í Hornafirði.

Hinn 7. janúar 1987 hefur Skipulagsstjórn ríkisins staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Hafnar í Hornafirði varðandi landnotkun að óbyggt svæði norðan gatnamóta Vesturbrautar og Hafnarbrautar verði á aðalskipulagsupprætti merkt sem verslunar- og þjónustusvæði í stað íbúðasvæðis.

Félagsmálaráðuneytinu, 6. febrúar 1987.

Alexander Stefánsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 70

6. febrúar 1987

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagsupprætti af Reykholti í Borgarfirði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið hinn 4. febrúar 1987 staðfest aðalskipulagsupprátt af Reykholti í Borgarfirði.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Reykholtisdalshrepps og Skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytinu, 6. febrúar 1987.

Alexander Stefánsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.